

**59. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
3. maí 2017 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1608169 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

2. 1612146 - Reglur um gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu

Félagsleg heimaþjónusta er veitt, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Í reglum Akraneskaupstaðar um félagslega heimaþjónustu er nánari skilgreining og útfærsla á þjónustunni skipt í fjóra liði: aðstoð við almenn heimilisstörf, innlit og samvera/félagslegur stuðningur, persónulegur stuðningur og aðstoð og aðstoð og fylgd við rekstur erinda.

Notandi greiðir fyrir þjónustuna í samræmi við gjaldskrá sem samþykkt er af bæjarstjórn.

Drög að breytingum á gjaldskrá um félagslega heimaþjónustu lögð fram.

Afgreiðslu málsins er frestað.

3. 1612155 - Félagsstarf aldraðra og öryrkja, aldursmörk

Félagsstarf aldraðra, sem er á vegum Akraneskaupstaðar, hefur verið í boði fyrir 67 ára og eldri. Félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni (FEBAN) hefur aldursviðmiðið 60 ára. Lagt er til að aldursviðmiði fyrir félagsstarf fyrir aldraða á vegum Akraneskaupstaðar verði fært niður í 60 ár í samræmi við aldursviðmið innan FEBAN og mörg önnur sveitarfélög. Það er ekki talið að umtalsverð fjölgun verði í félagsstarfinu heldur verða samræmt aldursviðmið skýrara fyrir notendur þjónustunnar.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að félagsstarf fyrir aldraða verði starfrækt fyrir alla 60 ára og eldri á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Þriðjudaga verði áfram í boði fyrir öryrkja á öllum aldri eins og verið hefur. Á föstudögum verði opið hús fyrir 60 ára og eldri og öryrkja á öllum aldri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

*Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir
Gunnhildur Björnsdóttir
Einar Brandsson
Anna Þóra Þorgilsdóttir*

Svala Hreinsdóttir